5 0 MORGUNBLAÐIÐ, FÖSTUDAGUR 24. SEPTEMBER 1982

Frímex 1982

tókst mjög vel

Frímerki

Jón Aðalsteinn Jónsson

Því miöur hefur dregizt úr hömlu
aö greina hér í þættinum nokkuö
frá efni því, sem sjá mátti á afmæl-
issýningu Félags frímerkjasafnara,
FRÍMEX 1982, á Kjarvalsstööum
dagana 19.—23. ágúst sl. Vissu-
lega hafa margir iesenda þáttarins
séö syninguna með eigin augum,
en engu aö síöur er sjálfsagt — og
ekki si'zt vegna utanbæjarmanna
— að fara nokkrum orðum um
hana og sýningarefnið, eins og þaö
kom mér fyrir sjónir. Þó veröur aö-
eins hægt að stikla hér á helztu
atriðum, en ég mun birta aðra um-
sögn og nokkru fyllri í tímariti
L.Í.F., Grúskinu.

Óhætt er aö fullyrða, aö
FRJMEX 1982 tókst mjög vel, enda
sýningarefniö margbreytilegt, svo
sem áöur hefur komið fram í þátt-
um þessum. Sýningunni var skipt í
þrjár deildir: heiöursdeild, sam-
keppnisdeild og kynningardeild. í
heiöursdeild voru 48 rammar, og
þar bar að vonum mest á skild-
inga- og aurabréfum þeim úr Þjóð-
skjalasafni, sem hafa veriö aö
koma i leitirnar á undanförnum ár-

um. Ég hef áöur vikiö aö þessum
merkilegu bréfum eöa umslögum,
svo að óþarft er aö endurtaka það,
en þau eru ómetanleg heimild fyrir
íslenzka frimerkjasögu. Þá voru í
þessari deild mörg og falleg um-
slög úr eigu Þjóöminjasafns, en
þau hafa áöur verið á sýningum,
svo að þau vöktu eðlilega ekki eins
mikla athygli og þau úr Þjóöskjala-
safni þrátt fyrir ágæti sitt.
Þá var í heiöursdeild hluti af
stórmerku íslenzku safni, sem
brezkur frímerkjakaupmaöur, C.
Angus Parker, hefur komiö saman.
Voru rammarnir tíu, en kunnugir
hafa sagt mér, að hann gæti sýnt
okkur miklu meira efni, enda mun
hann eiga eitt bezta safn af svo-
kölluöum skipspósti, sem til er.
Eru þaö bréf og umslög með er-
lendum stimplum. í úrvali því úr
safni Parkers, sem viö sáum, mátti
líta marga girnilega hluti og fá-
gæta. Satt bezt aö segja varö ég
hissa á öllum þeim bréfafjölda frá
því fyrir og um aldamót, sem er i
safni Parkers. Eru þessi bréf ekki
sízt merkileg fyrir þá sök, aö þau
viröast langflest vera venjuleg

notkunarbréf meö réttu buröar-
gjaldi á hverjum tima
Enda þótt mörg umslög hafi far-
iö í glatkistuna á fyrri tíö, viröist
samt vera ótrúlega mikiö til af heil-
um umslögum með frímerkjum á
og þau fleiri en margur hefur hald-
iö. Hitt er svo annaö mál, að mikiö
af þessu efni hefur verið selt úr
landi og hafnaö í erlendum söfn-
um.

Ekki skrifaöi ég hjá mér lýsingu
á safni Parkers, en gaf mér sæmi-
legan tíma til aö skoöa þaö. Væri
þaö vissulega veröugt verkefni
fyrir frímerkjasamtök hér heima aö
fá Ijósrit eöa Ijósmyndir af þeim
erlendu söfnum, sem hingaö
koma, því aö viö gætum svo síðar
virt þau fyrir okkur á fundum og
rabbaö um þau. Eitt umslag vakti
sérstaka athygli mína, og þaö var
meö 4 aura frímerki og stimplaö á
útgáfudegi þess 6. janúar 1900.
Var þetta innanbæjarburöargjald,
sem haföi verið tekiö upp áriö áö-
ur. Hér er þess vegna um stimplun
á útgáfudegi aö ræöa, og Parker
hefur veitt því athygli. En hefur

auglýsti oft eftir íslenzkum frí-
merkjum fyrir og um siðustu alda-
mót og hafði jafnvel gaman af aö
stríða keppinautum sínum, svo
sem sjá má á mynd þeirri, sem ég
læt fljóta meö þessum línum. Þeg-
ar þetta er haft í huga, er engan
veginn óhugsandi, aö téöur Jónas
hafi taliö þaö einhvers viröi aö eiga
4 aura frímerki á bréfi, stimpluðu
þann dag, sem þaö var sett í um-
ferð. Hver svo sem skýringin er, er
hér um eitt elzta fyrstadagsumslag
aö ræöa hér á landi og langt á
undan sínum tima Þetta umslag í
safni Parkers er þess vegna hiö
skemmtilegasta.
Enda þótt ástæöa væri til að
nefna fleiri söfn í heiöursdeild, leyf-
ir rýmiö þaö ekki á þessum stað.
Er þá komiö aö samkeppnisdeild,
en þar voru 93 rammar. Af þeim
komu 79 til umsagnar dómnefnd-
ar, því að söfn þriggja dómenda
voru flutt í kynningardeild. Ekki
mun ég greina nákvæmlega frá
söfnum í þessari deild, en þar
mátti sjá margt áhugavert. Hæstu
verölaun, gyllt silfur, hlaut safn

i^'»« > " U 4 V *S W ««*««•»•*;(£«• VU«IU1« >

Brúknö íslenzk frlmerki

kaapir htn verðí Ólafar Bveínsson ffallsm. Reykjavík.

— En Jónas Jónsson k Laajrmvogl kaupir
ísleozk friinerki fyrfr htests verð.

INoi-flfrnr nnnAl.nflni..

••>

kro

bl<

þetta gerzt af hendingu eöa ásettu
ráði? Ég er þeirrar skoöunar, aö
hiö síðara eigi hér viö og um sé aö
ræöa fyrstadagsstimplun, eins og
viö erum aö bauka viö nú á dög-
um. Er þá langlíklegast, aö send-
andinn hafi sjálfur stílaö bréfið til
sín. Þetta ræö ég af nafni viötak-
anda, sem var Jónas Jónsson,
Laugavegi 8, Reykjavik. Var hann
kunnur borgari á sinni tíö ef ég fer
ekki villur vegar. Þessi maður

Thorolfs Björklunds í Færeyjum af
frímerkjum frá stórhertogadæmi
Finnlands. Þetta er frábært safn,
bæöi aö gæðum og frágangi, og
þó var þaö víst ekki nema helm-
ingur þess, sem Thorolf sýndi í
Finnlandi fyrir rúmu ári, eöa fjórir
rammar. Næst kom svo safn Sví-
ans Ingvars Andersson af íslenzk-
um upprunastimplum á bréfum,
snyfsum og svo lausum merkjum.
Hefur Ingvar verið ötull viö aö ná

NORDIA 84

NORR+N FRÍMr'.RKJASÝNINC,
Rí YKJAVf K I984

:[. ÍSLAND

800
ISIAND

• <

VERO KR HUMJ

;©

saman þessu stimplaefni á síðustu
árum og hlaut hér fyrir þaö silfur-
verðlaun. Bandaríkjamaöur,
George W. Sickels, sýndi umslög
frá tíma bandaríska herliðsins á ís-
landi í siöari heimsstyrjöld. Er hér
um aö ræöa stimpla úr herpóst-
stöðvum, og munu sumir þeirra
mjög torgætir. Hefur Sickels náö
saman mjög góöu safni, enda fékk
hann silfur fyrir.
Mörg söfn í þessari deild báru
glöggt vitni um það, hvernig safna
má frímerkjum og þá ekki sízt ís-
lenzkum frímerkjum, og ekki þarf
þaö allt aö kosta stórfé. Hér mátti
sjá skemmtilegt safn af Geysis-
merkjum 1938—47, tölustimpla-
safn og eins safn Jóns Halldórs-
sonar af 20 aura Safnahúsi. Hefur
hann stórbætt safniö á síðustu ár-
um bæöi aö eintökum og uppsetn-
ingu.

i kynningardeild var einnig
margt skemmtilegt, en þaö vill því
miöur oft hverfa í skuggann fyrir
öðru og fyrirferöarmeira efni.
Ólafur Jónsson sýndi einkennis-
og barmmerki, svo sem oft áður,
og vekur safn hans alltaf verö-
skuldaöa athygli.
Ein nýjung var á FRÍMEX 1982,
en þaö var hluti úr trjáviöarsafni

Haralds Agústssonar, sem hann
sýndi á vegg. Sennilega gerast slík
söfn ekki mörg betri en safn hans,
enda hefur Haraldur lagt mikla al-
úö viö söfnun sína og leitað fanga
um víða veröld. Þá var þaö og
skemmtilegt og stórfróölegt, að
hann var alla daga viö safn sitt og
útskýrði þaö fyrir gestum. Mætti
svo sannarlega hugsa sér aö taka
þá aðferö upp viö frímerkjasöfn,
enda örugglega vel þegiö af mörg-
um. Þannig yröi allt meira lifandi
fyrir sýningargestum og gæti um
leiö vakiö upp áhuga hjá þeim aö
fara aö sinna þessu tómstunda-
gamni.

Póstmannafélagiö var þarna
meö sýningarefni, enda var einn
dagur sýningarinnar helgaöur
póstinum. Mér fannst þetta efni nú
fremur fábrotiö, en smekklega var
þaö sett upp.

Ný frímerki
7. október

Póst- og símamálastofnunin
hefur nú tilkynnt, að smáörk sú,
sem óg hef áður minnzt á og birt
mynd af hér í þættinum, veröi gefin
út 7. október nk. Er hún að verö-
gildi 12 krónur, en söluveröiö er 18
krónur. Rennur mismunurinn til aö
styrkja samnorrænu frímerkjasýn-
inguna, NORDIA 84, sem haldin
veröur í Laugardalshöllinni í júlí
1984. Að þessu sinni veröur
notaöur sérstimpill við fyrsta-
dagsstimplun, og fer vel á því.

Eitt hefur fallíö niöur í tilkynn-
ingu póststjórnarinnar, sem ég tel
sjálfsagt aö taka hér fram, því aö
þaö skiptir safnara ekki svo litlu.
Þessi smáörk verður til sölu til
marzloka næstkomandi, en það.
sem þá kann aö veröa eftir óselt,
veröur eyðilagt. Er hér fylgt sömu
venju og tíökazt hefur erlendis i
sambandi viö sýningarblokkir.

Það er hverju
barni hollt aö

læra að dansa.

Það eykur sjálfs-

traustið og skap-

ar gleði.

Wm*z»

ÞU AUGLYSIR UM

ALLT LAND ÞEGAR

ÞÚ AUGLÝSIR í
MORGUNBLAÐINU

\l lil.YMMi.t-
SIMIW i:il:

22480